

Það nú enn fremur má álíta, eptir þeim skýrslum, sem fengizt hafa síðar, að ástandið sè allt öðruvísi nú, en það var þá, er fyrnefnd bænarskjöl voru send stjórnarráðinu í marz og aprilm., finnur stjórnarráðið að svo komnu enga ástæðu til að gjöra neinrar ráðstafanir útaf þessu, en verður aptur á móti að vísa yður til að taka þau ráð, sem í bræfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.¹ eru fyrir lögð til að afstýra hallæri, ef á þarf að halda. Ef ástandið samt sem áður þykir vera svo ísýggilegt, að þörf sè á að grípa til sérlegra ráðstafana, eruð þér beðinn að senda hingað áreiðanlegar og nákvæmar skýrslur um ástandið, ekki aðeins í þeim hreppum, sem fyr voru nefndir, heldur og í allri sýslunni, og þar með álitsskjal sýslumannsins.

1870.
9. júlí.

68. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aðkaupsgjald af skipi.

9. júlí.

Í sambandi við bréf stjórnarráðsins 23. f. m. gefst yður til vitundar, herra amtmaður, að aðalskattastjórnin hefir svarað spurningu yðar um, hvornig reikna eigi aðkaupsgjald af hinu frakkneska fiskiskipi *Emilíu D. 53* frá *Dunkerque*, á þá leið, að það skipið að lögum er dæmt óhaffært og selt við opinbert uppboð, er það rétt, að aðkaupsgjald sè goldið samkvæmt tilskipun 1. maí 1838, 50. gr., því þótt svo geti verið, að menn sè ekki á eitt sáttir um, hvornig skipið var til reika, þá er búið var að koma því inn á Siglufjörð, virðist eigi að síður hitt atríðið svo mikils vert, að ekki sè næg heimild til að leiða hjá sér að gæta þess við úrskurð þessa máls, eptir því sem fram er komið, og það er, að skipið var dæmt óhaffært og selt sem óhaffært.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.